



RÍKISENDURSKOÐUN

Skúlagötu 57, 105 Reykjavík IS-Iceland.

Alþingi
Erindi nr. P132/1876
komudagur 26.4.2006

Nefndasvið Alþingis,
Austurstræti 8 – 10,

Dagsetning
26. apríl 2006

Tilvísun
A-8
LÖ/bb

150 REYKJAVÍK.

Vísað er til erindis efnahags- og viðskiptanefndar, dags. 12. apríl sl., þar sem óskað er umsagnar um frumvarp til laga um Nýsköpunarsjóð atvinnulífsins, 730. mál, hlutverk og starfsemi sjóðsins.

Ofangreint frumvarp hefur í för með sér umtalsverðar breytingar á hlutverki Nýsköpunarsjóðs. Það gerir m.a. ráð fyrir að framvegis taki sjóðurinn einungis þátt í fjárfestingum í sprota- og nýsköpunarfyrirtækjum en veiti ekki lán, ábyrgðir og styrki nema í undantekningartilvikum. Í samræmi við þessar breytingar á hlutverki hans er jafnframt lagt til að sjóðurinn lúti framvegis ekki eftirliti Fjármálaeftirlitsins heldur verði lögbundið eftirlit og endurskoðunar skylda Ríkisendurskoðunar látið nægja í því efni.

Í 7. gr. frumvarpsins er lagt til að eigið fé Nýsköpunarsjóðs skuli að lágmarki vera 3 milljarðar króna. Að mati Ríkisendurskoðunar kann þetta lágmark að virka nokkuð hamlandi á starfsemi sjóðsins. Er þá gengið út frá því að Nýsköpunarsjóður muni ekki hafa úr öðrum fjármunum að spila en ráð er fyrir gert í frumvarpinu.

Að öðru leyti gerir Ríkisendurskoðun ekki athugasemdir við ofangreint frumvarp.

Sj. þat →
Linnó Gunn.